

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir styrktarsjóðinn Framför.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Framför. Heimili og varnarþing hans er á Ísafirði.

## 2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru eftirtaldir aðilar:

Nafn	Kennitala	Nafn	Kennitala
Albert Óskarsson	030760-3529	Jóhann Ólafsson	110558-6359
Anna Gunnlaugsdóttir	061246-4289	Jóhanna Einarsdóttir	110666-4979
Arna Sigríður Albertsdóttir	080690-3129	Jón Sigurpálsson	020854-7669
Arnór Stígsson	140122-2979	Jóna Hólmbergisdóttir	010469-5119
Árni Traustason	110245-2469	Kristbjörn Sigurjónsson	241160-4839
Ásgerður Hinrikka Annasdóttir	211246-3599	Kristín Gísladóttir	130947-2209
Ásta Sigríður Halldórsdóttir	271170-3869	Lofur Gíslí Jóhannsson	110887-3539
Benedikt Hermannsson	280866-4159	Margrét Gunnarsdóttir	160354-5509
Einar Ólafsson	010562-3419	Margrét Halldórsdóttir	200869-5759
Freygerður Ólafsdóttir	200168-3059	Ólafur Th. Árnason	240281-3419
Friðgerður Ómarsdóttir	010267-3159	Ólöf Anna Benediktsdóttir	290689-2019
Gíslí Einar Árnason	230474-4009	Páll Harðarson	230759-3409
Guðbjörg Rós Sigurðardóttir	250674-4309	Rannveig Halldórsdóttir	210364-2189
Guðjón Helgi Ólafsson	180366-4159	Rúnar Mór Jónatansson	220966-4109
Guðmundur Ágústsson	240942-4619	Sigríður Jóna Sigurjónsdóttir	230366-4899
Guðmundur Jens Jóhannsson	190159-5749	Sigurður Gunnarsson	191050-7469
Halldór Halldórsson	250764-4059	Sigurjón Hallgrímsson	081126-3489
Hallgrímur Magnús Sigurjónsson	260662-2959	Sigurjón Hallgrímsson	020390-3019
Hanna Mjöll Ólafsdóttir	071172-4739	Soffía Þóra Einarsdóttir	240461-2939
Heiða Björk Ólafsdóttir	060476-3579	Sólveig Guðmundsdóttir	310191-2999
Jakob Ólafur Tryggvason	270867-4219	Steingrímur Einarsson	261258-5799
Jóhann Bæring Gunnarsson	300773-4199		

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 860.000 kr. og er það greitt af stofnendum sjóðsins og styrktaraðila Arkiteó ehf., kt. 561203-2450.

## 4. gr.

Ávöxtun sjóðsins og fjárvarsla er í höndum Glitnis banka. Ávöxtun sjóðsins tekur mið af hæstu mögulegu ávöxtun hverju sinni en með minnstu mögulegu áhættustýringu.

## 5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja afreksfólk á skíðum með fjárframlögum, svo það hafi möguleika á að ná sem lengst í sinni íþrótt.

## 6. gr.

Allt skíðafólk sem keppt hefur fyrir hönd Skíðafélags Ísafjarðar í a.m.k. eitt ár getur sótt um styrk úr sjóðnum. Skíðafólk getur hins vegar búið í öðrum landslutum eða erlendis. Hámarksupphæð heildarstyrks úr sjóðnum á hverju ári skal vera helmingur ávöxtunarvaxta reikningsársins á undan en má vera minni ef nefndarmenn telja slíkt skynsamlegt. Skipta má

styrknum til fleiri en eins aðila hverju sinni eins og styrktarsjóðurinn ákveður í hverju tilviki fyrir sig.

7. gr.

Stjórn hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins. Aðalfund sjóðsins skal halda í maímánuði ár hvert. Telst hann löglegur, sé boðað til hans með auglýsingu í fjölmiðlum með tveggja vikna fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar:

Setning (formaður sjóðsins).

Kosning fundarstjóra og fundarritara (formaður stjórnar kosningu).

Skýrsla stjórnar.

Reikningar sjóðsins lagðir fram.

Umræður um skýrslu og reikninga og reikningar bornir upp.

Lagabreytingar.

Úthlutanir úr sjóðnum kynntar.

Ákvörðun fjáröflunarleiða.

Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna og uppstillingarnefndar.

Önnur mál.

8. gr.

Stofnendur velja menn í stjórn, sem og varamenn, til tveggja ára í senn. Stjórnina skipa fimm stjórnarmenn hverju sinni og eru varamenn þrír. Úr hópi stjórnarmanna skal skipa formann og getur hann einungis setið tvö kjörtímabil í senn.

Ákveði stofnandi að hann vilji ekki koma að vali stjórnarmanna, eða hann fellur frá, skulu aðrir stofnendur hafa heimild til þess að velja stjórn. Sé enginn stofnenda eftirlifandi skal Skíðafélag Ísafjarðar velja stjórn.

9. gr.

Í forföllum stjórnarmanna taka varamenn sæti. Hverfi aðalmaður, sem á a.m.k. ár eftir af kjörtíma sínum, úr stjórn, skal á aðalfundi kjósa aðalmann til setu þann tíma, er sá, er brott hvarf átti ógengt. Ef aðalmaður í stjórn kemst ekki á stjórnarfund skal 1. varamaður taka sæti hans og síðan 2. varamaður ef 1. varamaður kemst ekki heldur.

10. gr.

Skoðunarmenn skulu vera tveir og tveir til vara og skulu þeir kosnir af stjórn. Kjörtímabil þeirra er þrjú ár.

11. gr.

Stjórn skiptir með sér verkum formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnenda á fyrsta stjórnarfundum eftir hvern aðalfund.

12. gr.

Stjórn sjóðsins fer með úrskurðarvald um málefni sjóðsins. Skal hún að jafnaði halda stjórnarfund eftir þörfum og auk þess, ef tveir stjórnarmenn æskja þess. Stjórnarmenn vinna alla sína vinnu launalaust. Þá getur stjórnin falið einstökum aðilum að inna af hendi störf í þágu sjóðsins og einnig skipað sérstakar nefndir í sama tilgangi.

## 13. gr.

Stjórnarfundur er lögmætur, sitji þrjú stjórnarmenn fundinn. Á fundum stjórnar ræður afl atkvæða um þær ákvarðanir sem teknar eru. Eigi má ráðstafa eignum eða fjármunum sjóðsins nema a.m.k. 3/5 hlutar stjórnarinnar samþykki það á stjórnarfundi.

## 14. gr.

Tekjur sjóðsins geta verið árgjöld, styrktarfé eða annað sem sjóðnum áskotnast. Fjárframlög eru frjáls, þ.e. öllum er heimilt að leggja fé í sjóðinn. Stjórn sjóðsins skal stuðla að því að fá styrktaraðila að sjóðnum.

## 15. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil hefst frá stofnun sjóðsins og stendur til næstu áramóta á eftir. Skal gjaldkeri stjórnar leggja fram fullgerða reikninga sjóðsins á síðasta stjórnarfundi fyrir aðalfund, undirritaða bæði af stjórn og skoðunarmönnum.

## 16. gr.

Samþykki stjórnarfundar og síðan 2/3 hluta greiddra atkvæða aðalfundar þarf til að sjóðurinn verði lagður niður. Verði það samþykkt, skal eignum hans ráðstafað í anda sjóðsins samanber 5. og 6. gr. Taka skal sérstaklega fram í fundarboði, ef tillaga um slíkt liggur fyrir aðalfundi.

## 17. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á aðalfundi stjórnar og þarf til þess samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Breytingartillögur þurfa að berast skriflega til félagsins mánuði fyrir aðalfund. Í fundarboði skal geta þess sérstaklega að lagabreytingar verði á dagskrá aðalfundar og þær verði aðgengilegar stofnfélögum sjóðsins. Efni tillögu um lagabreytingu er til samþykktar eða synjunar á aðalfundi stjórnar.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki skal leitað á skipulagsskrá þessari, breytingum og niðurfellingu sem kunna að verða gerðir á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 26. maí 2008.*

**Ríkarður Mátsson.**

*Birkir Már Magnússon.*